

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir orðinu „einkahlutafélags“ í 2. tölul. 13. gr. laganna kemur: og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1999.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 1999.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Pétur Kr. Hafstein.**

*Geir H. Haarde.*

Nr. 27

18. mars 1999

## LÖG

### um opinberar eftirlitsreglur.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög þessi ná til reglna um sérstakt eftirlit á vegum hins opinbera með starfsemi einstaklinga og fyrirtækja, þar með taldra reglna sem er ætlað að stuðla að öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, neytendavernd, samkeppni, eðlilegum viðskiptaháttum og getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar.

Lögin ná ekki til stjórnslueftirlits og innra eftirlits hins opinbera, þar með talins fjárhagslegs eftirlits, löggæslu, tollgæslu og eftirlits í tengslum við skatta og gjöld, sífjamál, vernd barna og ungmenna, reynslulausn og ákærufrestun.

2. gr.

Markmið laga þessara er að opinbert eftirlit stuðli að velferð þjóðarinnar, öryggi og heilbrigði almennings, öryggi eigna, umhverfisvernd, eðlilegum viðskiptaháttum og neytenda-